

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur
850 Hella

Selfoss, 18.12.2024
UST202401-294/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. október 2024- Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., Strönd, ID nr. 50

Þann 28. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun þann 19. janúar 2024. Staða opinna eldri frávika er rakin hér að neðan. Frávik úr eftirliti ársins 2024 koma fram eftir þá upptalningu.

1. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun. Niðurrif ökutækja fer fram á ómalbikuðu undirlagi og mikið af bílhlutum sem grafast í jarðveginn á staðnum. **Þann 19. janúar barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila vegna frávika sem sett voru fram í eftirliti ársins 2023. Greinir rekstraraðili frá því að niðurrif á ökutækjum fari ekki lengur fram á Strönd. Eru ökutæki sett beint í gáma til flutnings til viðeigandi móttökuaðila. Í jarðvegi þar sem bílar voru áður brotnir saman stóð svo til að hreinsa upp jarðveginn, og áttu verklok að fara fram fyrir 1. mars sl., þegar frost væri farið úr jörð. Í eftirliti voru úrbætur staðfestar. Fráviki er því lokið.**
2. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíuefnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið. Úrgangsolíugeymir er staðsettur við akstursleið og er án árekstravarna. **Í úrbótaáætlun greinir rekstraraðili frá því að framkvæmdastjóra hafi ekki verið kunnugt að geymsla olíubrúsa væri óheimil þar sem varsla þess færi fram á plani tengdri olíuskilju. Lagði rekstraraðili fram áætlun um að brúsar yrðu fjarlægðir og settir í viðeigandi ílát, sem og að árekstrarvörn yrði komið fyrir við úrgangsolíutanka til að varna skemmdum ef ekið yrði á þá. Öll meðhöndlun á olíuúrgangi skal fara eftir rgl. nr. 809/1999 um**

olíuúrgang og 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Í eftirliti var séð að búið væri að bæta úr verklagi við vörslu olíuefna. Fráviki er lokið.

3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Geymsla spilliefna er ekki í samræmi við gr. 4.2 í starfsleyfi. Við eftirlit var töluvert af ílátum með spilliefnum, m.a. fötur, bambar o.þ.h. ásamt úrgangsolíugeymi staðsett á planinu við akstursleiðir. Þessi spilliefni voru ekki geymd í lokanlegum lekaheldum kerjum eins og starfsleyfið kveður á um. **Meðhöndlun spilliefna skal vera í samræmi við rgl. nr. 806/1999. Rekstraraðili vísar í sömu úrbætur og í fyrra fráviki hér á undan. Við eftirlit var aðkoman viðunnandi varðandi vörslu spilliefna. Fráviki er lokið.**
4. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rgl. 202/2008 um úrvinnslu ökutækja. Úrvinnsla ökutækja er starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. IV. viðauka mengunarvarnir, sbr. og rgl. 202/2008 um úrvinnslu ökutækja laga 7/1998. Á móttökustöðinni fer fram úrvinnsla ökutækja án starfsleyfis og ekki í samræmi við 6. gr. rgl. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að framkvæmdastjóri fól starfsmönnum að fjarlægja olíur og eldsneyti af ökutækjum fyrir flutning, þar sem borið hafði á því að vökvar tækju að leka af bílum vegna meðhöndlunar við að koma þeim í gáma til flutnings. Framkvæmdastjóri gerði sér ekki grein fyrir því að framkvæmdin væri háð starfsleyfi og gerði því ekki ráðstafanir því tengdu. Verður öll meðhöndlun ökutækja hætt og þeir settir beint í gáma til flutnings eftir móttöku. Í eftirliti nú var það staðfest að engin meðhöndlun fari fram á ökutækjum. Fráviki er lokið.**

Opin eru eldri frávik, sem enn eru ólokið úr eftirliti ársins 2020. Varða þau urðun á lífrænum úrgangi (sbr. frávik í eftirliti ársins 2024) og urðun á almennum úrgangi án heimilda. **Í úrbótaáætlun mótmælir rekstraraðili að almennur úrgangur sé urðaður á Strönd. Allur almennur úrgangur sem berst á Strönd er fluttur til annars móttökuaðila og þaðan er sá úrgangur fluttur erlendis til orkuvinnslu. Hvað seinna frávikið varðar kemur fram í úrbótaáætlun að stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. hafi samþykkt á fundi sínum þann 23. október 2023 að ráðast í botnþéttingu urðunarreinar og þar með uppfylla skilyrði um mengunarvarnir í starfsleyfi. Framkvæmdir væru hafnar og voru áætluð verklok fyrir 1. maí 2024. Eftirlitsaðili bendir á að engu að síður þurfi rekstraraðili að uppfylla allar kröfu starfsleyfis sem gerðar eru vegna urðunar lífræns úrgangs.**

Ein ábending var lögð fram um geymslu raflínukefla inn á urðunarstað, sem samræmdist ekki starfsleyfi urðunarstaðar né skipulagi. Samkvæmt rekstraraðila voru raflínukefli tekin til skammtímageymslu á Strönd fyrir annan rekstraraðila. Stóð til að fjarlægja keflin sumarið 2024. Við eftirlit nú voru keflin enn til staðar á Strönd, sem móttækinn úrgangur.

Fimm frávík úr eftirliti 2024 komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka við 6.350 t af úrgangi á ári, þar af 5.200 t til meðhöndlunar á ári. Árið 2023 var í heildina tekið við 4.626 t, að auki fyrirferðamikil og stór raflínukefli sem óvíst er um þyngd þeirra og líkur á að farið sé yfir magnheimildir vegna þeirra. Hins vegar vegna eðlis úrgangsins falla þau ekki undir móttökuheimildir starfsleyfis. Óheimilt er að geyma úrgang inn á urðunarstað, annan en þann sem tilgreindur er í starfsleyfi.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi (nánar tl. I). Urðað var timbur sem ekki var nýtt í jarðgerð inn á urðunarstað og nýtt í jarðvegsmanir. Óheimilt er að urða virkan úrgang sbr. tl. 2.1 í II viðauka við rgl. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Eingöngu er heimilt að taka við timbri til jarðgerðar (hreint timbur), önnur móttaka á timbri er ekki skilgreind í starfsleyfi. Tók rekstraraðili við 719 t af timbri árið 2023.
3. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Fara skal með allan úrgang þannig að meðhöndlun hans valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða. Magn úrgangs sem til staðar er á athafnasvæði er umfram heimildir og hafa borist ábendingar um fok úrgangsefna frá urðunarstað. Slíkt væri hægt að fyrirbyggja með því að halda magni úrgangs í lágmarki. Ber að virða móttökuskilyrði starfsleyfis eða uppfæra það eftir því sem við á (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).
4. Gr. 3.3 og 5.2 í starfsleyfi. Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt, þá ber rekstraraðila að safna sigvatni og vakta það sbr. mælingaráætlun í gr. 5.2 í starfsleyfi.
5. Gr. 3.4 og 5.2 í starfsleyfi. Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt þá ber rekstraraðila að safna hauggasi af þeim hluta urðunarsvæðisins. Starfsrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna (sjá nánar í starfsleyfi). Vakta ber hauggasið sbr. mælingaráætlun í gr. 5.2 í starfsleyfi.
6. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Sjá fyrri frávík þar sem fjallað er um vöktun sigvatns og hauggass.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. janúar 2025.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur